


Kæru lesendur og auglýsendur


Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og
auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir kl. 15:00. 😊



ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálfsiðu er. kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk



Vörumóttaka Goðafossmarkaðar ehf

Verður föstudaginn 17. október kl. 17:00-21:00

Það vantar sérstaklega húfur og svo allar gerðir af peysum.

Hittumst hressar

G.V. nefndin



Spennandi iPad námskeið fyrir byrjendur

Um er að ræða einstaklingsmiðað nám í rólegu andrúmslofti þar sem nemendum eru kynntir þeir möguleikar sem iPad hefur upp á að bjóða. Byrjað er á að fara yfir allar stillingar sem nauðsynlegt er að vita af og velja hvernig notandinn vill hafa, svo sem læsingar, stillingar til að sækja eða kaupa smáforrit á netinu, tenging við tölvupóst o.fl. Seinni hluti námskeiðsins fer í að skoða þau fjölmörgu smáforrit sem eru í boði, innlend sem erlend auk þess sem kennt verður að tengja iPad við iTunes og setja inn á hann tónlist, hljóðbækur og bækur.

Kennslan fer fram fimmtudagana 23. og 30. október kl. 19:00 - 21:00 og fer kennslan fram í Urðarbrunni á Laugum. Þeir nemendur sem ekki eiga iPad geta fengið hann að láni hjá Þekkingarnetinu á meðan á námskeiðinu stendur.

Kennari: Vilberg Helgason frá Akureyri.

Námskeiðið kostar 13.000,- og minnum við á endurgreiðslu stéttarfélaganna sem getur numið allt að 75% af námskeiðsgjaldi.

Skráning fer fram hjá Þekkingarneti Þingeyinga í síma 464-5100 og lýkur henni föstudaginn 17. október.



Eldri borgarar Þingeyjarsveit.

Á opnu húsi að Hafralæk nk. þriðudag 14. okt geta þeir sem þess óska fengið influensuspautu. Hjúkrunarfræðingar frá Heilsugæslunni verða á staðnum. Greiða þarf á bilinu 600-1000 kr eftir galdskrá Heilsugæslunnar. Nauðsynlegt er að þeir sem vila nýta sér þetta skrái komu sína í mötuneytissímann 4643583 fyrir hádegi daginn áður.

Umsjónarkonur.



Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag 13. október milli kl. 11:00 og 12:00.

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.

Sími oddvita er 661 6292 og netfang arnor@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri

Aðalsafnaðarfundur.

Aðalsafnaðarfundur Nessóknar verður haldinn
sunnudaginn 12. október nk. klukkan 14:00 í
Neskirkju. Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd Nessóknar



Messa Einarstöðum

Almenn Guðsþjónusta verður á
Einarstöðum næstkomandi sunnudag,
12. október klukkan 11:00.

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur



80 ára afmæli.

Heiðursmaðurinn Benni á Hóli fagnar merðum
áfangu um þessar mundir. Karlinn er að verða
áttæður og við viljum gjarnan að ættingjar hans og vinir
komi saman til að samgledjast honum.

Benni ætlar að bjóða vinum og velunnurum upp á kjötsúpu
laugardagskvöldið 18. október nk. á Illugastöðum.

Húsið opnar kl. 20.00.

Allir hjartanlega velkomnir.

Konurnar hans Benna

Aðalfundur

Kirkjukórs Grenjaðarstaðakirkju

verður haldinn mánudagskvöldið 13. október
kl. 20:00 í safnaðarheimilinu Grenjaðarstað.

Venjuleg aðalfundarstörf og
lagabreytingar auk annarra málefna.

Fyrsta æfing vetrarins verður strax eftir fundinn.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.

DALAKOFINN

Kótelettukvöld -

Föstudaginn 17. október kl. 20 verður haldið kótelettukvöld í Dalakofanum á Laugum. Kóteletturnar eru sérvaldar og þykkar. Meðlæti eru brúnaðar kartöflur, rauðkál, grænar baunir og sulta. Í eftirrétt verður ís og kokteilávestir. Miðaverð er 4800 kr. síðasti skráningardagur er mánudaginn 13. október. Hægt er að skrá sig í síma 464-3344.

Breyttur opnunartími

Vetraropnun tekur gildi 13. október og verður eftirfarandi:

Mánudaga – miðvikudaga kl: 10 – 18

Fimmtudaga – laugardaga kl: 10 – 20

Sunnudaga kl: 12 – 17

Verslun og veitingastaður eru alltaf opnir á sama tíma.

Brids

Alla fimmtudaga í vetur og hefst 16. október kl. 20.30 Spilaður verður tvímenningur og eru allir velkomnir. Kaffigjald er 500 kr. eins og áður.

Verið ávallt velkomin
Dalakofinn / Útibú ehf.
dalakofinn.is
s. 464-3344

40. tbl.
9. október
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Vegna fjölda áskoranna, sýnir karlakór Eyjafjarðar kórleikinn sinn "Frásögn úr Frónsskíri" aftur, hvar kórmenn fara á kostumí leik, söng og dansi! Sýningar verða aðeins tvær, föstudagskvöldið 10. okt. í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit og laugardagskvöldið 11. okt. í Ýdölum í Aðaldal.



Hefjast sýningarnar kl. 20.30 og miðaverð er 2500 kr. Endilega pantið miða hjá okkur, síðast komust færri að en vildu!

Petra s: 892 3154, Siggí s: 861 2198

Haustfundur Kvenfélags Aðaldæla

Verður haldinn í matsal Hafralækjarskóla miðvikudagskvöldi 15 okt. kl. 20:00.

Vetrarstarfið rætt.

Mætum með góðar hugmyndir í farteskinu. ☺

Konur velkomnar að koma og kynna sér

skemmtilegan og gefandi félagsskap

Stjórnin